

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Barnaheimilissjóðs Sjómannadagsins í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. apríl 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Barnaheimilissjóðs Sjómannadagsins í Reykjavík.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Barnaheimilissjóður Sjómannadagsins í Reykjavík.

#### 2. gr.

Sjóðurinn er eign Sjómannadagsins í Reykjavík og er tilgangur hans að standa undur rekstri sumardvalarheimilis fyrir yngri börn og vinnuheimilis fyrir eldri börn, og skulu munaðarlaus sjómansbörn hafa forgangsrétt að dvöl þar.

#### 3. gr.

Sjómannadagurinn leggur fram sem stofnfé jörðina Hraun (Hraunkot) í Grimsnesi ásamt íbúðarhúsi, útihúsum, barnaheimili, sem á jörðinni er og allan búnað, sem því fylgir.

#### 4. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera gjafir, áheit, vistgjaldatekjur af sumardvalarheimili og vinnuheimili, leigutekjur af jörðinni Hraun, tekjur af uppskeru og aðrar tekjur, sem stjórn sjóðsins vinnur að því að afla.

#### 5. gr.

Stjórn Sjómannadagsráðs fer með stjórn sjóðsins. Aðalfundi Sjómannadagsins skal þó heimilt að kjósa sérstaka framkvæmdanefnd, sem sér um rekstur heimilanna og framkvæmdir á jörðinni.

#### 6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda og skulu þeir birtir með öðrum reikningum Sjómannadagsins.

#### 7. gr.

Verði sjóðurinn af einhverjum ástæðum lagður niður, skulu eignir hans renna til Sjómannadagsins í Reykjavík.

#### 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 29. marz 1969.

F. h. Sjómannadagsráðs,  
Pétur Sigurðsson.